

Miðvikudaginn 18. maí 1994.

Nr. 216/1994.

**Siglufjarðarkaupstaður**

(Friðrik Arngrímsson hdl.)

gegn

**Íslandsbanka hf.**

(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

Kærumál. Skýrslugjöf.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1994, sem barst réttinum 9. maí sl. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, „að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað kröfu varnaraðila um að leiða sem vitni við aðalmeðferð málsins Ísak J. Ólafsson, fyrrverandi bæjarstjóra hjá sóknaraðila“. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar.

Varnaraðili hefur höfðað mál á hendur sóknaraðila til innheimtu skuldar samkvæmt skuldabréfi, sem Dýpkunarfélagið hf. á Siglufirði gaf út til Alþýðubankans hf. 22. apríl 1988 og sóknaraðili veitti einfalda bæjarábyrgð fyrir. Ísak J. Ólafsson annaðist frágang ábyrgðarfirlýsingarinnar sem bæjarstjóri sóknaraðila á þessum tíma. Eigi verður talið, að koma hans fyrir dóm raski grundvelli málsins eða sé sýnilega þarflaus. Rétt er því að kveðja hann fyrir dóm til skýrslugjafar.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Heimilt er að kveðja Ísak J. Ólafsson fyrir dóm til skýrslugjafar í málinu.

Sóknaraðili, Siglufjarðarkaupstaður, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1994.**

Í síðasta þinghaldi 29. mars sl., er fram fór undirbúningur aðalmeðferðar, kom upp ágreiningur milli málsaðila um vitnaleiðslu Ísaks J. Ólafssonar, fyrrverandi bæjarstjóra hjá stefnda, er stefnandi óskaði eftir að færi fram, en stefndi mótmælti, þar sem stefnandi hafði ekki getið þess í stefnu eða framhaldsstefnu að hann hygðist leiða umrætt vitni til skýrslugjafar, sbr. h-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafðist lögmaður stefnanda úrskurðar dómara um þetta ágreiningsefni og er úrskurður þessi kveðinn upp í samræmi við 112. gr. ofangreindra laga, sbr. b-lið 1. mgr. 143. gr. sömu laga.

Hér verður leyst úr því hvort stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til að leiða umrætt vitni fyrir dóm til skýrslugjafar um málsatvik með því að geta þess ekki í stefnu/framhaldsstefnu, að hann hefði slíkt í hyggju.

Í 1. mgr. 102. gr. laga um meðferð einkamála er gert ráð fyrir því að fram fari undirbúningur aðalmeðferðar þar sem dómari leiti m.a. eftir því í hvaða skyni aðilar hyggist leiða vitni við aðalmeðferð til að staðreyna hvort og að hvaða marki skýrslugjafar sé þörf. Ekki er heimilt að synja aðila um sönnunarfærslu nema hún sé að mati dómara bersýnilega tilgangslaus, sbr. 3. mgr. 46. gr. sömu laga. Sú röksemd stefnda, að málsvörn í framhaldssök hefði verið hagað öðruvísi ef fram hefði komið í framhaldsstefnu að stefnandi hygðist leiða umrætt vitni fyrir dóminn, þykir ekki eiga hér við, þegar litið er til þess að stefnandi er bundinn af þeim málsátæðum sem þegar hafa komið fram, sbr. 5. mgr. 101. gr. sömu laga, og breytir vitnaleiðslan engu í því sambandi. Einnig er rétt að vísa til þess að gera verður ráð fyrir því að stefnda verði heimilt með sömu rökum að leiða vitni þótt þess hafi ekki verið getið í greinargerð hans hver þau vitni væru eins og 2. mgr. 99. gr. laga um meðferð einkamála kveður á um.

Með vísan til þessa þykir rétt að stefnanda verði heimilt að leiða umrætt vitni fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins enda hefur ekki komið fram að umrædd vitnaleiðsla geti talist óþörf.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Stefnanda, Íslandsbanka, er heimilt að leiða sem vitni við aðalmeðferð málsins Ísak J. Ólafsson, fyrrverandi bæjarstjóra hjá stefnda.